

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.
Rangárvöllum 2
603 Akureyri

6. febrúar 2026
UOS2501338/K.K.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 19. desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Malbikunarstöð Akureyrarbæjar þann 8. október 2025. Þann 19. janúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki árlega en oftast ef vafi leikur á að kröfur í grein 3.11 séu uppfylltar. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfis- og orkustofnunar. Engum niðurstöðum úr mælingum á olíu í fráveituvatni hefur verið skilað til stofnunarinnar.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður mæling á olíu í fráveituvatni framkvæmd samkvæmt kröfum starfsleyfis og niðurstöður skráðar í rekstrarhandbók og sendar stofnuninni. Rekstraraðili mun skila niðurstöðum eigi síðar en 1. júlí 2026 og síðan árlega eftir það.

2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarká í grein 3.8. Í skýrslu fyrir árið 2025 kom fram að NOX og ryk var ekki mælt.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður pöntuð viðeigandi mælingar á Nox og ryki hjá viðurkenndum aðila. Niðurstöður unnar og teknar saman í samræmi við kröfur starfsleyfis og skilað til stofnunarinnar eigi síðar en 1. september 2026. Verklag verður endurskoðað til að tryggja að árlegar mælingar fari fram framvegis.

1. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs lausageyma. Lífolía er geymd á svæðinu í bömbum ekki í lekabittu og án árekstrarvarna.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verða bambarnir með lífolíu færðir á öruggari stað með viðeigandi lekavörnum og árekstrarvörnum í samræmi við kröfur í reglugerð. Rekstraraðili gerir ráð fyrir að framkvæma þetta strax og aðstæður leyfa, þó eigi síðar en 1. júlí 2026.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur teymi eftirlits